



FERÐAMÁLAFÉLAG

AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Aðalfundur Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu (FASK)

Aðalfundur FASK haldinn miðvikudaginn 25. September 2024 kl. 17.00, fundurinn var haldinn í Golfskála Hornafjarðar.

Fundargerð ritaði ný kjörinn formaður Laufey Guðmundsdóttir:

Mættir voru: Haukur Ingi Einarsson, Sindri Ragnarsson, Óskar Arason, Laufey Guðmundsdóttir, Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson, Ágúst Elvarsson, Bergþóra Ágústsdóttir, Reynir Snær Valdimarsson, Einar Kristjánsson, Snorri Einarsson, Steindór Sigurjónsson, undir önnur mál komu inn á fundinn Sigurjón Andræsson, Hjördís Edda Olgeirsdóttir

Fundargerð send út með tölvupóst og samþykkt í tölvupósti:

Haukur bauð fundarmenn velkomna og lagði til að liður 1, 2 og 4 yrðu tekin fyrir saman.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá

Haukur las skýrslu stjórnar ásamt ákvörðun um árgjald skrá og starfsáætlun næsta árs.

Umræður sköpuðust um gjaldskrá og vakti Vigfús máls á því hvort gjaldið væri nægjanlega hátt, t.d. ef félagið þurfi að sinna mikilvægri hagsmunabaráttu í formi lögfræðikostnaðar eða annars sambærilegs. Haukur þakkaði fyrir ábendinguna og benti á að gjaldið væri lágt til að reyna fá sem flesta félagsmenn inn í félagið, því þannig væri félagið sterkari út á við. Hins vegar væri mikilvægt að endurskoða félagsgjaldið m.t.t. Verkefna sem geta verið kostnaðarsöm. Samþykkt framlögð tillaga stjórnar um að félagsgjaldið yrði óbreytt fyrir fyrirtæki 12.500 en fyrir einstaklinga 6.250.- Einnig var rætt um að félög sem eru tengjast þeirri hagsmunabaráttu sem á sér stað í sérhvert tilfalli verði fjármagnað af þeim félagsmönnum sem eiga beina hagsmuni að málinu.

Haukur gerði grein fyrir helstu verkefnum næsta árs.

2. Ákvörðun um árgjald

Tekið fyrir í lið 1. Sjá hér að ofan.

3. Ársreikningur

Haukur kynnti niðurstöðu ársreikning, tekjur voru samtals 375.000.- kr og var töluverð aukning um að ræða frá fyrra ári. Ástæða þess er að um er að ræða fjölgun félagsmanna. Gjöld voru samtals 233.395.- kr án fjármagnsliða, nettó mismunur fjármagnstekna og fjármagnsgjalda var 14.459.- afgangur af rekstri félagsins var 156.064.- Aukning var á gjöldum sem helgast einna helst af lögfræðikostnaði sem FASK lét vinna og sneri að lögfræðialiti tengdu innviðauppbyggingu við Jökulsárlón. Eignir samtals voru 930.700.- og eigið fé það sama. Engar skuldir voru í félaginu.

4. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.

Tekið fyrir í lið 1. Sjá hér að ofan.

5. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda

Haukur Ingi Einarsson gerði grein fyrir því að hann hygðist ekki bjóða sig fram til formennsku aftur. Laufey Guðmundsdóttir bauð sig fram til formennsku FASK og var það samþykkt af fundarmönnum, Laufey Guðmundsdóttir var kjörin til tveggja ára. Aðrir stjórnarmenn en Haukur Ingi Einarsson gáfu áframhaldandi kost á sér sem aðalmenn til stjórnarsetu og voru þau Tinna Rut Sigurðardóttir (gjaldkeri) , Ágúst Elvarsson og Óskar Arason endurkjörin, nýr aðili var kosin í stjórn og er það Reynir Snær Valdimarsson, Haukur Ingi Einarsson var kosinn til vara. Þetta var samþykkt af öllum fundarmönnum.

Ný stjórn skipa því:

Laufey Guðmundsdóttir - Formaður
Tinna Rut Sigurðardóttir - Gjaldkeri
Ágúst Elvarsson - Meðstjórnandi
Óskar Arason - Meðstjórnandi
Reynir Snær Valdimarsson - Meðstjórnandi
Haukur Ingi Einarsson - Varamaður

Skoðunarmenn voru þeir sömu og áður

6. Önnur mál.

Undir þessum lið bættust í hópinn, Sigurjón Andrésson Bæjarstjóri Hornafjarðar sem jafnframt er formaður Svæðisráðs Suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og á sæti í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Enn fremur bættist við Hjördís Edda Olgeirsdóttir sem er í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Haukur gerði grein fyrir stöðu mála er varðar ákvörðun stjórnar VJP um að loka íshella ferðum samningsaðila fram að a.m.k. 1. nóvember og hvaða áhrif það hafði á mörg heima fyrirtæki sem hafi stundað ábyrga íshellaskoðun undanfarin ár og jafnvel áratugi. Þau fyrirtæki sem stóðu að og seldu ferðir í íshellaferðir þar sem banaslysið varð 25. ágúst sl. væru mörg hver með fjölbætta starfsemi og gætu því fært sína gesti til og boðið þeim upp á aðrar ferðir í t.d. Kötlujökul, því er hins vegar ekki til að dreifa hjá mörgum heima fyrirtækja. Það gæti líka farið svo að gestir ábyrga fyrirtækja myndu einnig færa sig um set og leita til þeirra fyrirtækja sem buðu upp á mjög óábyrga íshellaferðir að sumarlagi. Það væri því mjög óeðlilegt að refsa þeim sem hafa stundað ábyrgan rekstur hingað til en umbuna þeim sem báru ábyrgð á því að fjölmargir gestir hafi verið leiðsagðir inn á svæði sem var lífshættulegt.

Umræður sköpuðu um málið og fundarmenn voru sammála um að bann VJP væri ósanngjarnt og kæmi niður á fyrirtækjum sem hefðu ekkert um slysið að gera heldur væru nú í óða önn að undirbúa íshellatímabil sem hefst eftir nokkra daga. Búið er að taka við bókunum í um 1 ár og aðilar gert ráð fyrir að geta hafið öruggar íshellaferðir 1. október og að þeir geti tryggt öryggi gesta. Aðilar bentu m.a. á að þeir þurfa nú að finna sér aðra vinnu til að framfleyta fjölskyldum sínum. Fundarmenn voru einnig afar ósáttir við að vita af því að reglur væru ítrekað brotnar og jafnvel lög. Það skekki samkeppnisstöðu fyrirtækja og því þurfi að bregðast við eins fljótt og auðið er.

Fundarmenn voru einnig sammála um að skerpa þurfi á öryggismálum og taka á ítrekuðum brotum á sumra rekstraraðila gegn samningum við VJP, það skekki einnig samkeppnisstöðu fyrirtækja. Sem verður ekki viðunað.

Góðar almennar umræður um málefni félagsmanna og minnt var á að það verður að huga betur að málefnum annara en afþreyingarfyrirtækjum, stjórn brýnd til þeirra verka.

Fram kom að það hefur fjölgað stórlega í Ferðamálafélagi Austur-Skaftafellssýslu en betur má ef duga skal

Fundi slitið kl 18:45